



Matur er mikils virði

Birthe Linddal, danskur sérfræðingur í framtíðarfræðum, var aðalfyrirlesari:

Að breyta til hins betra

— og notfæra sér tiskustraua samfélaganna til frumkvöðlastarfa

Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni var Birthe Linddal, danskur sérfræðingur í framtíðarfræðum. Hún hélt erindi um trauma og stefnur í matvælagæiranum og fjallaði um það hvernig matvælaframleiðendur geta mætt áskorunum og nýtt tækifærin sem felast í tiskustrauunum.

Birthe er með meistaraáráður í félagsfræði og samfélags- og sagnfræði og hefur unnið að rannsóknunum í framtíðarfræðum síðastliðin 15 ár. Hún vann meðal annars við Stofnun framtíðarfræða í Kaupmannahöfn og sem ráðgjafi í stefnumótun áður en hún stofnaði eigið fyrirtæki, „The Futurist og Food Future“.

Spáð fyrir um það sem koma skal

Birthe segir að framtíðarfrömuðir greini það hvernig fólk í nútímanum hagar sér, neyslu þess og hvað gerir

það hamingjusamt. Að sama skapi rýna þeir í framtíðina og spá fyrir um það sem koma skal. Góður framtíðarfrömuður heldur sér upplýstum með því að hafa öll skilningarvit opin fyrir þróun í umhverfinu og eiga stöðugt í samtali við fólk á öllum aldri.

Erindi hennar hét Food trends toward 2025 – from food trends to successful innovation. Hún ræddi sérstaklega mikilvægi þess að horfa til framtíðar og átta sig á því hverju hægt sé að breyta til batnaðar, sérstaklega í framleiðslu matvæla. Framtíðin sé þannig land tækifæra — og vegna þess hversu heimurinn er „litill“ í dag, á tímum tölvutækninnar, netsins og samfélagsmiðla, þá séu tækifærin enn nærtækari en áður.

Til að átta sig betur á hvaða möguleikar búi í framtíðinni sé gagnlegt að horfa til þeirra tiskustraua

(e. trends) sem leiki um samfélögin á hverjum tíma. Gagnlegt geti verið að taka mið af þeim þegar frumkvöðlastarfar sett af stað. Einn af aðal tiskustrauum nútímans er „heilbrigður lífsstíll“, að sögn Birthe, og hann birtist svo í ásókn eftir ómenguðum matvörum og lítið unnum. Hún telur að lífrænt vottaður matur verði til að mynda einn af aðal tiskustrauum í matvælaframleiðslu á næstu tíu árum.

Hún segir líka ljóst að í framtíðinni muni kjötneysla dragast saman og um leið verði vægi grænmetis aukði í samsetningu máltíða. Grænmetisættun muni fjölga. Þetta gerist fyrst og fremst af umhverfislegum ástæðum, en heilsufarslegar ástæður spili inn í þá þróun líka.

Í framtíðinni muni fólk einnig leitast í enn meira mæli eftir matarupplifunum og staðbundnum mat. /smh



Birthe Linddal spáði í framtíðarmatvælin í erindi sínu á ráðstefnunni.

Setningarræða Gunnars Braga Sveinssonar: Eigum að nýta tækifærin til að auka framleiðslu heilnæmra matvæla

Gunnar Bragi Sveinsson, nýr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, flutti setningarræðu á ráðstefnunni. Hann lagði áherslu á að nýta ætti tækifærin til að auka framleiðslu heilnæmra matvæla, bæði til að sinna aukinni eftirspurn á Íslandi en einnig til útflutnings.

„Við erum að framleiða framúrskarandi afurðir hér á landi, hvort sem við horfum til lambsins okkar, á fiskinn, grænmetið eða jafnvel bjórninn okkar sem hlotið hefur alþjóðleg verðlaun og viðurkennningar á undanförnum árum. [...] Það er markaður fyrir matvæli sem eru framleidd við náttúrulegar aðstæður og eftirspurn eftir mat úr héraði er að aukast. Það felur að sjálfsögðu í sér mikla möguleika fyrir framleiðendur á landsbyggðinni þar sem fjöldi ferðamanna hefur aldrei verið meiri en hann er nú. Það er einnig eitt af markmiðum verkefnisins að treysta orðspor og mynd Íslands sem upprunalands hreinna og heilnæmra matvæla,“ sagði Gunnar Bragi í ræðnunni.



ur á landsbyggðinni þar sem fjöldi ferðamanna hefur aldrei verið meiri en hann er nú. Það er einnig eitt af markmiðum verkefnisins að treysta orðspor og mynd Íslands sem upprunalands hreinna og heilnæmra matvæla,“ sagði Gunnar Bragi í ræðnunni.

Nýir straumar og markaðssetning matvæla

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri LS:

Verðmætaaukning mikilvægust

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, beindi sjónum sínum að miklu leyti að markaðsstarfi sauðfjárbænda á líönum misserum í sínu erindi.

Hann hóf þó mál sitt á að ræða hlutskipti íslenskra sauðfjárbænda hvað afurðaverð snertir; að hluti þeirra væri harla rýr við uppgjöf á verðmæti lambaskrokkna. Milliliðir tækju nálægt 60 prósent af afurðaverðinu á hryggjum og lærum en bóndinn sæti uppi með um 30 prósent. Hann sagði að til samanburðar mætti benda á, að á Bretlandseyjum settu sauðfjárbændur sig illa við lakara hlutskipti en 60 prósent af afurðaverðinu. Hann sagði að hlutur íslenskra sauðfjárbænda væri reyndar svo rýr, að af evrópskum starfsbræðrum þeirra væru einungis verri kjör í boði fyrir pólska starfsbræður þeirra. Mikilvægt væri að rétta hlut bænda og sömuleiðis að auka verðmæti sauðfjárafurðanna. Því eins og staðan væri í dag, væru íslenskir sauðfjárbændur með kjöt í úrvaldeild, en fengu þriðju deildar verð fyrir það.

Kindakjötsneysla er næstmest á Íslandi

Svavar sagði að meðal kindakjötsneysla á mann á Íslandi væri næstmest í heiminum — á eftir Mongólíu — þó hefði hún minnkað um helming frá 1980. Mikilvægt væri að sækja á verðmæta erlenda markaði — og nefndi Svavar nokkur dæmi um vel heppnuð slík verkefni. Sala í gegnum Whole Foods-verslanirnar bandarísku gengi vel og sauðkíndin hefði verið tekin inn í Bragðörk Slow Food-hreyfingarnar.

Nýverið hefðu svo forsvarsmenn hinnar virtu matreiðslukeppni Bocuse d'Or fálást eftir því að íslenskir sauðfjárbændur legðu fram umsókn um að afurðir þeirra verði valdar til nota í aðalkeppninni sem haldin verður á næsta ári. Að sögn Svavars hefur umsókninni verið skilað inn og nú sé beðið í eftirvæntingu eftir niðurstöðu úr því máli. Hann segir að ef jákvætt svar fást, muni góð markaðstækifæri skapast.

Hvernig fæst herra verð?

Svo var spurt þeirrar lykilsurningar: *Hvernig fæst herra verð?* Svavar tindi til nokkur lyklatríði. Ljóst væri að herra verð fengist fyrir ferskt kjöt, sérstaklega í Bandaríkjunum. Hann sagði líka ljóst af þeim fáu vel heppnuðu markaðsverkefnum í útlöndum að með upprunamerkingunni *Íslenskt* fengist herra verð. Loks skipti saga vörunnar heilmiklu þegar kemur að verðlagningu — og í því tilliti hefðu íslenskir sauðfjárbændur heilmikla sögu að segja.



Sögunni miðlað í nýju merki sauðfjárafurða

Svavar segir að þegar ljóst var hvaða sögu sauðfjárbændur vildu koma á framfæri þá var lagt af stað í það verkefni að búa til nýtt merki sem myndi standa fyrir þá sögu. Það muni leika lykhillutverk í markaðssetningu á Íslandi. Markaðsráð kindakjöts hafi leitað eftir samstarfi við ríflega 50 valda veitingastaði og platta með merkinu komið þar fyrir. Þannig



Fjölmenni var í Silfurbergi 19. maí.

þurfi gestir viðkomandi veitingastaðar ekki að velkjast í vafa um að íslenskt lambakjöt er þar í boði. Svavar segir að merkið vísi til

allra sauðfjárafurða og því verði plattann til að mynda einnig að finna í verslunum með ullarvörur. Í raun sé stefnt að allsherjar-

útbreiðslu merkisins á Íslandi og hvað það standi fyrir.

Sauðfjárrækt án erfðabreytts föðurs

Í útlöndum breytist gildi merkisins svoltið þannig að þá verður það meira eins og vörumerki. Í slíkri merkingu muni felast sú vottun að ekki var föðrað með erfðabreyttu föðri. Vinna við að hreinsa íslenska sauðfjárrækt af erfðabreyttu föðri sé þegar farin af stað, því það sé afar mikilvægt í markaðslegu tilliti þegar horft sé til framtíðar. /smh

Guðný Káradóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu:

Langflest fyrirtæki telja að útflutningur þeirra muni aukast

Guðný Káradóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu á sviði matvæla, sjávarútvegs og landbúnaðar, hélt erindi um markaðssetningu íslenskra matvælafyrirtækja.

Í erindi hennar kom fram að á vegum Íslandsstofu hafi á síðasta ári verið ráðist í kortlagningu á stöðu útflutningsmála á matvælum. Í ljós kemur að útflutningur á matvælum nemur um 44 prósent af verðmæti alls vöruútflutnings. Hlutur sjávarútvegs í þeirri tölu er um 93 prósent en mikilvægur vöxtur er í nýjum útflutningsvörum, svo sem drykkjarvörum, sælgætti og salti.

Í könnun, sem gerð var samhlíða úttektinni, kom í ljós að meðal matvælafyrirtækja telja 82 prósent svarenda að útflutningur muni aukast á næstu tveimur árum. Þá kemur í ljós að mikill áhugi er á að tengja vörur



fyrirtækisins við upprunalandið Ísland og sömuleiðis eru fyrirtækin mjög áhugasöm um samstarf í útflutningi. Guðný benti á að gögn úr þessari vinnu væru aðgengileg í gegnum vef Íslandsstofu.

„Auðlindir okkar til framtíðar liggja ekki bara í mjólkur- og fiskivötum. Þær liggja í markaðsaðgenginu og í reynslu fólks sem kemur úr ólíkum áttum — og við þurfum að rækta hugmyndir,“ sagði Guðný í lokin. /smh

Heyrnarhlífar í vinnuna

Hjá Dynjanda færðu heyrnarhlífar og samskiptabúnað sem uppfyllir ströngustu kröfur.

Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.

Skeifunni 3h II Sími: 588 5080 II dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smiðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & Þjónusta ehf
Túnguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Piippo Net og bindigarn

		Staðgreiðsluverð án vsk	Greiðslufrestur*) Tveir gjalddagar Verð án vsk
Piippo Magic Blue 2000 Rúllunet	1,23 m x 2.000 m	12.900,-	13.300,-
Piippo Magic Blue Rúllunet	1,23 m x 3.090 m	22.100,-	22.785,-
Piippo Magic Blue Rúllunet	1,30 m x 3.090 m	22.700,-	23.404,-
Piippo HYBRID rúllunet	1,23 m x 4.000 m	28.300,-	29.177,-
Piippo Stórbyggagarn	130 m/kg (9 kg hnota)	3.660,-	3.773,-
Piippo Stórbyggagarn	145 m/kg (9 kg hnota)	3.660,-	3.773,-
Piippo Baggagarn	400 m/kg (5 kg hnota)	2.030,-	2.093,-
Piippo Rúllugarn	1000 m/kg (5 kg hnota)	2.140,-	2.206,-



*) Gjaldfrestur - 2 gjalddagar: 50% greiðist 15. júlí 2016 og 50% greiðist 15. september 2016

Afhendum frítt á afgreiðslur Samskipa-Landflutninga um land allt.

Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts, 24,0%



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

